

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2672  
komudagur 23. 5. 2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. maí 2011  
RH/SLB/039/2011

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni) – 778. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 18. maí 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun vill benda á að mikilvægt er að lögheimili barns sé í samræmi við 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990. Tiltekin réttindi skv. lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð eru háð lögheimili og því mikilvægt að lögheimili barns sé í samræmi við raunverulega búsetu þess.

Þessi ábending er tilkomin vegna orðalag 5. gr. frumvarpsins, vegna nýrrar lagagreinar, 28. gr. a, nánar tiltekið eftirfarandi hluta: „Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innanlands...”.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,

Ragna Haraldsdóttir framkvæmdastjóri  
Alþjóða- og stjórnsýslusvið